

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík
b/t Sigríðar Svönu Helgadóttur

Gardabær, 3.12.2021
202111-0041
SS
SS

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni um að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti á Egilsstaðaskógi, landnr. 194488.

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 23.11.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi þess efnis að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti á landareign nr. 194498 í Egilsstaðaskógi en jörðin er innan svæðis á Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Landareignin er innan svæðis sem samþykkt var á Alþingi að ætti að friðlýsa á Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Í þingsályktuninni segir um Egilsstaðaskóg:

„Um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra plöntutegunda, einkum fléttna.“ Í svæðislýsingunni segir „Víðáttumikið og uppvaðandi birkiskóglendi austan Egilsstaða og inn með Eyvindarárdal. Skógurinn er að miklum hluta gamall og sjálfsáður og er hann meðal stærstu skóga á landinu þar sem trén ná allt að 10 m hæð. Lítið hefur verið plantað af erlendum trjátegundum. Á láglandi er skógurinn ósamfelldur þar sem skóglausum mýrum hefur verið breytt með framræslu og túnrækt en þéttastur er hann á Egilsstaðahálsi. Í Egilsstaðaskógi er stærsta útbreiðslusvæði villtrar blæspar á landinu og þar er hún einnig hæst, eða um 8 m. Í skóginum vex einnig reyniviður og gulvíðir. Gróðurfar er sérstætt og þar vaxa sjaldgæfar plöntutegundir, m.a. mikill fjöldi fléttutegunda. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði.“

Þá segir um forsendur fyrir friðlýsingu svæðisins: „Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en einnig má finna nokkrar þyrpingar af villtri blæsöp í skóginum. Í skóginum vaxa nokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir t.d.: ferlaufungur (*Paris quadrifolia*), sjöstjarna (*Trientalis europaea*) og laugamaðra (*Galium uliginosum*). Á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið. Einnig nokkrar tegundir sem aðeins hafa fundist í skóginum en eru lítt þekktar á Íslandi.“

Ekki hefur orðið að friðlýsingu Egilsstaðaskógar.

Þegar skoðað er kort (sjá síðu 3) yfir þekkta fundarstaði sjaldgæfra fléttu tegunda má sjá að á fimm þekktum fundarstöðum innan marka landareignarinnar (lauslega afmörkuð með appelsínugulu á kortinu) hafa fundist ellefu sjaldgæfar fléttutegundir, það eru:

- *Arthonia mediella* – Friðuð tegund
- Flatþemba, *Hypogymnia physodes*
- Gljádumba, *Melanohalea septentrionalis* – Friðuð tegund
- Grástika, *Parmeliopsis hyperopta* – Friðuð tegund
- Gulstika, *Parmeliopsis ambigua*
- Gullinvarp, *Vulpicida pinastri* – Friðuð tegund



- Klapparmóra, *Phaeophyscia endoccina*
- Krypplugrös, *Tuckermannopsis chlorophylla*
- *Lecanora cenisia* – Friðuð tegund
- Pípuþemba, *Hypogymnia tubulosa*
- Skrámuðklúka, *Japewia subaurifera* – Friðuð tegund


Af þessum ellefu tegundum eru sex friðaðar samkvæmt nýrri auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385/2021.

Þá vex blæösp (*Populus tremulus*) innan landareignarinnar, en hún er sömuleiðis friðuð plöntutegund samkvæmt auglýsingunni en um sjaldgæfustu innlendu trjátegund landsins er að ræða. Nokkrar þyrpingar finnast á svæðinu sem ber að vernda.

Innan landareignarinnar finnast þessar sjaldgæfu tegundir í birkiskógi sem er að mestu leyti óraskaður. Tilheyrir skógurinn vistgerðinni kjarrskógavist sem hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Innan landareignarinnar eru einnig smærri blettir með votlendi, einkum starungsmýravist sem er önnur Bernarvistgerð og með mjög hátt verndargildi.

Það er því mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að vegna verndargildis þessara náttúruminja sem finnast innan landareignarinnar ætti ríkissjóður ekki að falla frá forkaupsrétti sínum. Full ástæða er til að fylgja eftir áður samþykktum áformum um að friðlýsa svæðið eins og samþykkt var í Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands.

